

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Sent á: www.skipulagsgatt.is

Reykjavík, 30. maí 2024

Aðalskipulag Skagafjarðar 2025 - 2040, endurskoðun – skipulagslýsing

Landvernd vill benda á mikilvægi umhverfis og náttúruverndar og telur að hægt sé að fjalla um málefnið af meiri þunga í skipulagslýsingu en fram kemur. Að því sögðu er gott og gilt að við vinnu vegaskrár sé náttúruvernd vegin og metin og að sjálfsögðu sömuleiðis í tengslum við orkuöflun. Mikilvægt er að horft sé á náttúruvernd sem tækifæri fyrir sveitarfélagið og íbúa þess sem og gesti. Skagafjörður býr að miklum náttúruverðmætum sem mikilvægt er að horfa til að verði vernduð til langrar framtíðar fyrir komandi kynslóðir sbr. [Náttúruminjaskrá](#), sjá nánar mikilvæg verndarsvæði innan sveitarfélagsins Skagafjarðar á [kortavefsjá NÍ](#)

Landvernd leggur sömuleiðis ríka áherslu að við gerð aðalskipulagsins verði tekið sérstaklega tillit til líffræðilegrar fjölbreytni og að sveitarfélagið afli sér bestu upplýsinga um stefnu um líffræðilega fjölbreytni og innleiðingar hér á landi sem nú er í vinnslu.

Sveitarfélagið er hvatt til að marka sér enn metnaðarfullri stefnu um þau verndarsvæði sem fram koma í nágildandi aðalskipulagi.

Með vinsemd og virðingu

F.h. stjórnar Landverndar

Þorgerður María Þorbjarnardóttir, formaður